3. útgáfa 15.06.2020

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Lím Tech fyrir kappa/bætur/tappa 946ml**

Vörunúmer: **664 210 760, 664 210 761, 664 210 762, 664 210 765, 664 210 766, 664 210 767, 664 210 770, 664 210 215, 664 210 872, 664 210 875, 664 210 877, 664 230 822TOD, 664 230 885**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Gúmmílím.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

N1
Dalvegur 10-14
201 Kópavogur
Sími: 4401000
Netfang: n1@n1.is
Veffang: www.n1.is

Framleiðandi:
TECH Int. Europe
Koeybleuken 16
2300 Turnhout, Belgía
00-32-1442-3103
info@techeurope.co.uk
www.tech-international.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 2
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð	Húðnæm.1
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 2

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð **HÆTTA**

Hættusetningar

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
P201	Aflið sérstakra leiðbeininga fyrir notkun.
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
P233	Ílát skal vera vel lukt.
P240	Jarðtengið/spennujafnið ílát og viðtökubúnað.
P241	Notið sprengiheld raffóng/loftræstibúnað/lýsingu.

P242	Notið ekki verkfæri sem mynda neista.
P243	Gerið varúðarráðstafanir gegn stöðurafmagni.
P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
P264	Þvoið húð vandlega eftir meðhöndlun.
P271	Notið eingöngu utandyra eða í vel loftræstu rými.
P272	Ekki skal farið með vinnuföt af vinnustað hafi þau óhreinkast af efninu.
P273	Forðist losun út í umhverfið.
P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífar/andlitshlífar.
P302+P352	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ: Þvoið með miklu vatni og sápu.
P303+P361+P353	BERIST EFNIÐ Á HÚÐ (eða í hár): Farið strax úr fötum sem óhreinkast af efninu. Skolið húðina með vatni/Farið í sturtu.
P304+P340	EFTIR INNÖNDUN: Flytjið viðkomandi í ferskt loft og látið hann hvílast í stellingu sem léttir öndun.
P312	Hringið í EITRUNARMIÐSTÖÐ/lækni ef lasleika verður vart.
P333+P313	Ef efnið ertir húð eða útbrot koma fram: Leitið læknis.
P362+P364	Farið úr fötum, sem óhreinkast af efninu, og þvoið fyrir næstu notkun.
P370+P378	Ef eldur kemur upp: Notið slökkviefni skv. lið 5 til að slökkva eldinn.
P391	Safnið upp því sem hellist niður.
P403+P233	Geymist á vel loftræstum stað. Umbúðir skulu vera vel luktar.
P403+P235	Geymist á vel-loftræstum stað. Geymist á köldum stað.
P405	Geymist á læstum stað.
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

Inniheldur: N-etýlsýklóhexýlamín, sínk bis(díbútýldíþíókarbamat), heptan (línulegt, hring- og greinótt)

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Heptanblanda (línulegt, hring- og greinótt)			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**85 - 95**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	-	**H-setningar**	-
CAS	426260-76-6	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v.ásvelg.1 **- H304,** Húðert.2 - **H315,** SEM-VES 3- **H336**, Langv.eit.á vatn 2 - **H411**			

Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**1 - 5**
Raðnúmer	006-081-00-9	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	205-232-8	**H-setningar**	-
CAS	136-23-2	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðert.2 - **H315,** Húðnæm.1 - **H317**, Augnert.2 **- H319,** SEM-VES 3 - **H335,** Bráð eit.á vatn 1 - **H400,** Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

Náttúrugúmmí			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**2 - 8**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	232-689-0	**H-setningar**	-
CAS	9003-31-0	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
-			

Heptan			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 4**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	205-563-8	**H-setningar**	-
CAS	142-82-5	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 2 - **H225**, Eit.v. ásvelg. 1 - **H304**, Húðert. 2 - **H315**, SEM-VES 3 - **H336**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400,** Langv.eit.á vatn 1 - **H410**			

N-etýlsýklóhexýlamín			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**< 1**
Raðnúmer	-	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	226-733-8	**H-setningar**	-
CAS	5459-93-8	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Eldf.vökvi 3 - **H226**, Bráð eit.4 - **H302**, Bráð eit.3 - **H311**, Húðæt.1A - **H314**, Bráð eit.4 - **H332**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn.
Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða.
Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.
Flytjið hinn slasaða af hinu mengaða svæði.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið læknis við vanlíðan.

Snerting við húð Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið læknis við ertingu eða vanlíðan.

Snerting við augu Skolið strax með miklu vatni í 15-20 mín. og haldið augum vel opnum. Lyftið augnlokum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis verði vart við einkenni.

Inntaka Skolið munn. Leitið læknis við vanlíðan eða uppköst.
Kasti hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu.

Til hjálparliða Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónu-hlífar. Notið öndunarbúnað sé talin hætta á að gufa sé enn til staðar. Beiting blástursaðferðar getur skapað hættu fyrir hjálparliðann. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.
Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Upplýsingar um einkenni liggja ekki fyrir.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, alkóhólþolin froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: -

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Eldfimur vökvi. Við bruna geta myndast kolefnisoxíð og eitraðar og daunillar gufur. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi eða jörð að íkveikjuvaldi. Umbúðir geta sprungið við hitun.
Gufa getur safnast í lágt liggjandi svæði. Getur myndað ætandi blöndu með vatni.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Beitið einungis vatni sem úða við slökkvistörf.
Aðhafist ekkert sem getur valdið áhættu nema fullnægjandi þjálfun sé fyrir hendi.
Flytjið ílát af brunasvæði, sé það unnt án áhættu. Varan er skaðleg lífi í vatni.
Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað skv. EN 469. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Gerið ekkert sem hefur áhættu í för með sér. Rýmið mengunarsvæði. Notið persónuhlífar.
Forðist snertingu og að ganga í losuðu efni. Forðist innöndun gufu og úða.
Tryggið góða loftræstingu.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Mengar vatn. Skaðlegt umhverfi við mikla losun. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg ísogsefni t.d. sand eða kísilgúr, og setjið í viðeigandi ílát til förgunar hjá spilliefnamóttöku, sbr. Lið 13. Notið neistavarin áhöld.
Sé um mikinn leka að ræða, getur reynst nauðsynlegt að mynda varnargarða úr óbrennanlegum ísogsefnum, svo sem sandi, jarðvegi eða kísilgúr. Vinnið vindmegin við mengunarsvæðið.
Athugið að menguð ísogsefni geta valdið sömu eld- og sprengihættu og varan sjálf.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá lið 8. um persónuhlífar og lið 13. um förgun.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu, inntöku og snertingu við húð og augu.
Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.
Forðist losun út í umhverfið. Notið upprunalegar umbúðir. Endurnýtið ekki umbúðir. Reykið ekki.
Gerið ráðstafanir gegn stöðurafmagni, t.d. með jarðtengingum og notið aðeins neistavarinn búnað.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið.
Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.
Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum og merktum, upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað.
Geymið fjarri matvælum, beinu sólarljósi, háu hitastigi, eld- og neistagjöfum.
Hlífið gegn frosti.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Heptan	500	2085	-	-	ESB
Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)	-	2	-	-	Slóvakía
N-etýlsýklóhexýlamín	2,9	15	5,8	30	Rúmenía

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Sjá staðla EN 689, EN 14042, og EN 482 um mat á váhrifum.
Haldið styrk gufu undir sprengimörkum. Notið sprengivarin áhöld og loftræstibúnað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði.
Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar



Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).

Húð - hendur Notið hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi. (>0,35mm). Hitastig og samsetning vöru, geta haft áhrif á endingartíma hanska. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna (EN 374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma (mælt með 480 mín).
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar (EN 13034).

Öndunarfæri	Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu með viðeigandi síu, eða sjálfstæðan öndunarbúnað (EN 149).
Umhverfi	Tryggið að útsog og önnur losun sé innan leyfðra marka.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand:	Seigfljótandi vökvi	
Lykt:	Sterk leysiefnalykt	
Litur:	Ljósbrúnn	
Suðumark:	88°C	
Blossamark:	-9°C	(closed cup)
Lægri sprengimörk í lofti:	1,2%	
Hærri sprengimörk í lofti:	6,7%	
Uppgufunarhraði:	>1	(bútýl asetat =1)
Gufuþrýstingur (20°C):	119,00	mm Hg
Eðlismassi:	0,71	g/cm3
VOC:	650,0	g/L
Seigja (40°C):	400,0	mm2/s

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Ekki vænst við venjulegar notkunaraðstæður.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafar. Forðist uppsöfnun gufu í lokuðum rýmum.
Ekki skal, skera, sjóða, slípa, hita eða gera neitt það við umbúðir sem gæti valdið íkveikju.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Engin þekkt.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast kolefnisoxíð og eitraðar og daunillar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif:	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Húðerting/æting	Velur húðertingu.
Alvarlegur augnskaði	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Næming, húð og öndunarfæri	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð.
Krabbamein, stökkbreytingar og eitrun við æxlun	
	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eitrun æxlunarfæra:	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Eiturhrif á líffæri (eitt skipti)	Getur valdið sljóleika eða svima.
Eiturhrif á líffæri (endurtekin)	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.
Ásvelgingarhætta:	Flokkunarviðmið eru ekki uppfyllt út frá fyrirliggjandi gögnum.

Heptan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>30	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting	Veldur húðertingu				
Alvarlegur augnskaði	Ertandi				
Næming, húð eða öndunarfæri	Veldur ekki næmingu				
Stökkbreytingar gerla		Neikvætt			
Krabbamein		Neikvætt			
Eiturhrif á æxlun		Neikvætt			
Erting í öndunarvegi		Neikvætt			
Eiturhrif á marklíffæri		Sljóleiki og svimi			
Ásvelgingarhætta		Já			

N-etýlsýklóhexýlamín					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>590	mg/kg	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ætingu í húð		kanína	

Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Eining**	**Dýrateg/Aðferð**	**Athugasemdir**
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Húðæting/erting		Veldur ertingu		kanína	
Augnerting		Veldur ertingu		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri	Getur valdið næmingu í snertingu við húð				
Eiturhrif á marklíffæri		Öndunarfæri			

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Eitrað lífi í vatni.

Heptan					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	LC_{50}	4 mg/l	24 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	82,5 mg/l	96 klst	Daphnia	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar greiðlega niður			
Uppsöfnun í lífverum	BCF	552		vatnalífverur	Ekki gert ráð fyrir uppsöfnun
Dreifanleiki í jarðvegi	Log Koc	2,38			
PBT/vPvB		Neikvætt			

Sínk bis (díbútýldíþíókarbamat)					
	Gildi	**Niðurstaða**	**Tími**	**Dýrategund**	**Aðferð**
Eiturhrif	EC_{50}	0,74 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	NOEC	0,0032 mg/l	21 d	Daphnia	

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll, jarðveg eða vatnsból. Geymið tómar umbúðir fjarri eldi og neistagjöfum.

Óhreinar umbúðir Gufa getur valdið eld- og sprengihættu. Hvorki skal gata, sjóða, skera, eða slípa í og við umbúðir nema þær hafi verið vandlega hreinsaðar.
Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

Varúðarmerking



UN Númer 1133
Efnisheiti v. flutninga: ADHESIVES
Hættuflokkur: 3
Jarðgangnaflokkun: D/E
Pökkunarflokkur: II
Mengunarhætta: Já

IATA:



UN Númer 1133
Efnisheiti v. flutninga: ADHESIVES
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II

IMDG:



UN Númer 1133
Efnisheiti v. flutninga: ADHESIVES
Hættuflokkur: 3
Pökkunarflokkur: II
Sjávarmengandi: Já

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).
Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H226	Eldfimur vökvi og gufa
H302	Hættulegt við inntöku
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H311	Hættulegt í snertingu við húð
H314	Veldur alvarlegum bruna á húð og augnskaða
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H335	Getur valdið ertingu í öndunarfærum
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H400	Getur valdið erfðagöllum
H410	Getur valdið krabbameini
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa: 3
Dags: 15.06.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***TECH EUROPE***
SAFETY DATA SHEET According to EC regulation 1272/2008 (CLP) and 1907/2006 (REACH)
CHEMICAL VULCANIZING FLUID
Útgáfa: *23.07.2019 Útgáfa 11*